

**203. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 2. maí 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2302013 - Endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

Endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð hjá Akraneskaupstað lagðar fram.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drög að reglum um fjárhagsaðstoð og vísar til afgreiðslu í bæjarráði.

2. 2104184 - Samningur um akstur á heimsendum mat

Gildandi samningi um akstur á heimsendum mat hefur verið sagt upp og sætir endurskoðun. Tillögur að útfræslu lagðar fram ásamt viðauka og áhrifum kostnaðaraukningar.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um framlögð gögn vegna uppsagnar á samningi um akstur með heimsandan mat, frá og með 1. ágúst nk. Á grundvelli framlagðrar kostnaðargreiningar, á þeim leiðum sem færar eru. Felur velferðar- og mannréttindaráð sviðsstjóra að gera verðkönnun/tilboða og leggja fram á næsta fundi.

3. 2301023 - Fundargerðir 2023 - notendaráð um málefni fatlaðs fólks

Fundargerðir notendaráðs: 15. fundur, 16. janúar 2023 og 16. fundur, 27. apríl 2023. Lagt fram til kynningar.

Fundargerðir notendaráðs um málefni fatlaðs fólks lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Aníta Eir Einarsdóttir
Hildigunnur Árnadóttir
Sveinborg Kristjánsdóttir